



Markaðsstofa Suðurlands

## Stjórnarfundur í stjórn Markaðsstofu Suðurlands, haldinn á Hótel Núpum mánudaginn 5. sept. kl. 11.00

Á fundinn mættu: Sædís Íva, Gunnar Örn, Ásbjörn, Sigrún Kapítóla, Sigurdís, Anna Björg, Davíð og Steingerður sem ritaði fundargerð.

### Minnispunktar

#### 1. Markaðsstofan Suðurlands – stefna, hlutverk og verkefni

Farið var yfir greinargerð frá Gísla Sverri síðan 2009 til að meta stöðuna.

Stjórnarmeðlimir eru sammála því að starfið sé unnið í samræmi við markmið MSS.

Ákveðið var að kynna fleiri aðilum en eru innan ferðapjónustunnar MSS og byrja á smáframleiðslu og framleiðslu á mat úr héraði sem tengist klárlega ferðapjónustu.

Rætt var um markaðshópa sem ákveðið var að skipa á sínum tíma – samvinnuteymi sem byggist á ferðamálafulltrúum o.fl. Davíð kynnti samvinnu sína við tengla inn á svæðunum sem hann segir að sé gott og mikilvægt. Innri vefur markaðsstofunnar er vel heppnaður og mikið notaður.

Ákveðið er að setja alla sveitarstjórnarmenn inná heimasíðuna og póstlista.

Hugmyndir komu fram um að halda endurmenntundarnámskeið í tengslum við fræðslunetið sem tekur á staðarupplýsingum og þjónustu.

Kannanir um ánægju viðskiptavina – þjónustu og ánægjuleikakannanir hafa verið fengnar frá rannsóknarþjónustum. Hugmynd um að búa til könnun fyrir viðskiptavini MSS með það markmið að bæta þjónustuna fyrirtækjanna. Hugsanlegt að athuga með verkefni í ferðamálafræðum á Hólum og HÍ.

Heilt yfir virðist MSS vera að fylgja markmiðum og hlutverki sem fram koma í stefnumótunarplagginu.

Tillaga að á næsta ársfundi verði öllum aðilum markaðsstofunnar boðið á fundinn til upplýsingar um starf félagsins.

#### 2. Bæklingurinn kynntur

35.000 eintök af bæklingi komu út í dag. Mikið lagt uppúr dreifingu bæklingins. Á milli 40 - 50 ný fyrirtæki eru í bæklingnum frá því í fyrra. Í dag eru 153 aðilar í markaðsstofunni og þar með sveitarfélagið Ölfus.

Hugmynd um að bæta inn GPS staðsetningu á öllum gististöðum innan markaðsstofunnar fyrir næsta ár.

Stjórnin lýsir ánægju sinni yfir bæklingnum.

Davíð kynnti annan bækling – ímyndarbækling - sem er lítill myndabæklingur sem er ódýrari í framleiðslu og betra að taka með sér á kynningar.

### **3. Endurnýjun samninga**

#### *Sveitarfélög*

Ölfus og Árborg eru með árssamning en önnur eru með 3 ára samninga. Davíð vinnur að endurnýjun samninga við Ölfus og Árborg. Vestmannaeyjar og Rangárþing ytra eru ekki aðilar en Davíð mun bjóða þeim aðild fyrir næsta ár.

#### *Fyrirtæki*

Ný fyrirtæki sem koma inn að hausti borga 75% en eftir áramót 50%.  
Innheimtur hafa gengið ágætlega.

### **4. Starfsmannamál**

MSS hefur haft auka starfsmann í 3 mánuði frá Vinnumálastofnun og okkur býðst að hafa hana áfram næstu 6 mánuði. Stjórn ákveður bjóða starfsmanninum að vera áfram næstu 6 mánuði. Stefnt er að því að styrkja tekjugrunninn og ráða manneskju til framtíðar.

### **5. Húsnæðismál**

MSS mun fylgja HfSu með húsnæði

### **6. Fjármál**

Davíð og Íva kynntu fjármál markaðsstofunnar sem eru í góðum farvegi.

### **7. Verkefni framundan**

Davíð fór í gegnum verkefni framundan – m.a sýningar framundan, þematengdar FAM ferðir og kynningaráætlun fyrir sveitarfélög og fyrirtæki í ferðaþjónustu.